

## Úrvinnslugjald á sölu- og flutningsumbúðir uppfært 01.05.2026 – kódi BY

Frá 01.03.2023 hefur verið lagt úrvinnslugjald á sölu- og flutningsumbúðir úr pappa, plasti, áli, stáli, gleri og viði sem og á viðarvörubretti.

Gjaldið ber kóðann *BY* og heiti þess er *Úrvinnslugjald*.

### Upplýsingar um sölu- og flutningsumbúðir tilgreindar á SAD-tollskýrslu

Innflytjendum ber að gera grein fyrir sölu- og flutningsumbúðum í reit 47 á SAD-innflutningsskýrslu. Um tvær leiðir er að velja þegar þyngd sölu- og flutningsumbúða er gefin upp á SAD-tollskýrslu:

- **Nota viðmiðunartöflu (MSA)**  
Innflytjandi getur valið að nota þyngd umbúða skv. sérstakri viðmiðunartöflu (sjá nánar í umfjöllun um EDI-skeyti hér að neðan).
- **Tilgreina þyngd sölu- og flutningsumbúða (MSR)**  
Vilji innflytjandi ekki láta styðjast við þyngd umbúða skv. viðmiðunartöflu, getur hann í staðinn tilgreint þyngd umbúðanna (sjá einnig nánar í umfjöllun um EDI-skeyti hér að neðan).

Neðar í skjalinu má sjá nánari umfjöllun um viðmiðunartöfluna.

### SMT/EDI skeyti

#### 1) Innflytjandi notar viðmiðunartöflu

a) Segment group 41 – Duty/Tax/fee

- Í gagnalið TAX (C241):  
(1) Gagnastak 5153 skal innihalda kóðann MSA (= Sölu- og flutningsumbúðir - áætlun).
- Annað:  
(1) Gagnastak 5286 skal innihalda kóða, sem segir til um meginefni söluumbúða. Kóðann má sjá í dálknum *Kodi\_i\_gagnastak\_5286* í viðmiðunartöflunni og í töflunni hér að neðan.  
(2) Einnig þarf að vera til staðar gagnastak 5153 með kóðanum NET (= nettóþyngd) og upplýsingum um nettóþyngd.

b) Dæmi:

TAX+1+MSA:107:159++5'

TAX+1+NET:107:159++38'

#### 2) Innflytjandi tilgreinir þyngd sölu- og flutningsumbúða

a) Segment group 41 – Duty/Tax/fee

- Í gagnalið TAX (C241):  
(1) Gagnastak 5153 skal innihalda kóðann MSR (=Sölu- og flutningsumbúðir – þyngd tilgreind).
- Annað:  
(1) Gagnastak 5286 skal innihalda kóða, sem segir til um meginefni söluumbúða. Kóðann má sjá í dálknum *Kodi\_i\_gagnastak\_5286* í viðmiðunartöflunni og í töflunni hér að neðan.

- iii. Dæmi:  
TAX+1+MSR:107:159++5'

b) Breyting er gerð á Segment group 30 - Customs Status of Goods

- i. Í gagnalið MEA (C502):  
(1) Gagnastak 6313 inniheldur kóðann ZZZ (= Skv. kóðatöflu).
- ii. Í gagnalið MEA (C174):  
(1) Gagnastak 6314 inniheldur upplýsingar um þyngd umbúða í kílógrömmum með tveimur aukastöfum.  
(2) Gagnastak 6411 skal innihalda sérstakan kóða fyrir umbúðategund. Sjá má yfirlit yfir leyfilega kóða í töflunni hér að neðan.
- iii. Annað:  
(1) Gagnastak 6311 inniheldur kóðann WT (= þyngd).
- iv. Dæmi (kóðar með gerð og þyngd umbúða dökkletraðir):  
MEA+WT+ZZZ+S04:0.7'  
MEA+WT+ZZZ+F04:0.2'

**Umbúðategundir – kóðar í EDI/SMT skeytum**

Eins og framan greinir, eru notaðir tilteknir kóðar til að tilgreina mismunandi tegundir meginumbúða í gagnastökum 5286 og 6411 í EDI/SMT skeytum.

Þessa kóða má sjá í töflu 1 hér að neðan.

Tafla 1

Tegundir umbúða		Nota viðmiðunartöflu	Tilgreina þyngd umbúða	
Skammstöfun	Heiti	Kóði megin söluumbúða í TAX-gagnalið, gagnastaki 5286, í EDI/SMT skeyti	Kóði megin söluumbúða í TAX-gagnalið, gagnastaki 5286 í EDI/SMT skeyti	Kóði magntölu í MEA-gagnalið, gagnastaki 6411, í EDI/SMT skeyti
<b>Megin söluumbúðir</b>				
EN	Engar umbúðir	0	0	
AL	Ál - söluumbúðir	1	1	S01
GL	Gler - söluumbúðir	2	2	S02
PA	Pappír - söluumbúðir	3	3	S03
PL	Plast - söluumbúðir	4	4	S04
ST	Stál - söluumbúðir	5	5	S05
VI	Viður - söluumbúðir	6	6	S06
<b>Flutningsbúðir</b>				
	Ál - flutningsumbúðir			F01
	Gler - flutningsumbúðir			F02
	Pappír - flutningsumbúðir			F03
	Plast - flutningsumbúðir			F04
	Stál - flutningsumbúðir			F05
	Viður - flutningsumbúðir			F06
	Viðarbretti - flutningsumbúðir			F08

## Umbúðategundir – taxtar

Allar upphæðir og taxtar nefnd í þessu skjali eru sýnidæmi

Tegund umbúða	Upphæð úrvinnslugjalds - kr./kg
Ál	25
Gler	25
Pappi	42
Plast	82
Stál	25
Viður	10
Viðarbretti	10

## Villunúmer í tollakerfi

Villunúmer 200317 og 200319 eru ekki lengur í gildi.

Kódi	Skýring
200315	Samkvæmt tollskrá ber að velja MSA eða MSR magntöluháda.
200316	Velja á MSA eða MSR magntöluháda en ekki báða.
<del>200317</del>	<del>MSR magntöluháda valinn. Tilgreina verður allar umbúðategundir, sem tollskránúmerið getur borið skv. valinni færslu í viðmiðunartöflu.</del>
200318	MSA magntöluháda valinn en umbúðakódi ekki til staðar í viðmiðunartöflu.
<del>200319</del>	<del>MSR magntöluháda valinn en megin umbúðir ekki til staðar í viðmiðunartöflu.</del>
200320	Sölu- og flutningsumbúðir umfram nettóþyngd.

200321 Magntölukódi MSA: ekki má tilgreina umbúðakóða úr viðmiðunartöflu.

200322 Ekki má tilgreina magntölukóða MSA eða MSR nema tollskrárnúmer sé til í viðmiðunartöflu.

200323 Nettóþyngd vantar í reit 47.

### Viðmiðunartafla vegna sölu- og flutningsumbúða

Viðmiðunartaflan er tengd við hugbúnað innflytjenda sem notaður er við tollskýrslugerð.

Tvær útgáfur af viðmiðunartöflunni eru aðgengilegar á vefsvæði Skattsins, annars vegar Json útgáfa og hins vegar Excel útgáfa.

Nýjustu útgáfur af skjölunum með viðmiðunartöflunni er hægt að sækja á þessa síðu: <https://www.skatturinn.is/tollskrarlyklar> undir Úrvinnslugjöld þar er einnig hægt að nálgast eldri útgáfur í flípanum fyrri breytingar.

Í viðmiðunartöflunni eru eftirfarandi upplýsingar:

- Þyngd sölu- og flutningsumbúða, tilgreind sem hundraðshlutfall einstakra umbúðategunda af nettóþyngd vörulínu, eins og hún er tilgreind í gagnastaki númer 5153 (reit 47 á SAD tollskýrslu).
  - Hér þarf að hafa hugfast, að tiltekið tollskrárnúmer getur verið tilgreint í fleiri en einni línu í töflunni og þá með mismunandi megin umbúðum.
  - Einnig þarf að hafa hugfast, að í sumum tilfellum er tiltekið tollskrárnúmer tilgreint með megin söluumbúðum en einnig án megin söluumbúða. Í slíkum tilfellum velur innflytjandi færsluna án umbúða þegar staðfesta á að engar umbúðir séu til staðar.
- Í dálknum *Kodi\_i\_gagnastak\_5286* eru upplýsingar um kóða, sem setja á í gagnastak númer 5286 í EDI-skeyti til að tilgreina tegund megin söluumbúða. Upplýsingar um þessa kóða má einnig sjá í skjalinu [Sölu- og flutningsumbúðir – kóðar](#).
- Í dálknum *BY\_gjald\_taxti* eru upplýsingar um upphæð BY gjalds fyrir hvert kíló skv. nettóþyngd vörulínu, eins og hún er tilgreind í gagnastaki númer 5153 (reit 47 á SAD tollskýrslu).  
Athuga vel: tiltekið tollskrárnúmer getur verið birt í töflunni oftár en einu sinni en þá með mismunandi megin efni umbúða. Í slíkum tilfellum getur BY gjald fyrir eitt og sama tollskrárnúmer verið mismunandi.

Hafa þarf hugfast að ekki er alltaf gerð krafa um að sölu- og flutningsumbúðir séu tilgreindar á SAD-tollskýrslu. Ef tilgreina þarf umbúðir, verður viðeigandi krafa um magntölukóða á tollskrárnúmerinu í tollskrárlyklum (sjá nánar í umfjöllun um tollskrárlykla).

Viðmiðunartaflan byggir á grunnupplýsingum frá Úrvinnslusjóði og verður tilgreind í lagafrumvarpi sem gert er ráð fyrir að bráðlega verði lagt fram á Alþingi.

## Tvö dæmi um útreikning á BY gjaldi

### Allar upphæðir og taxtar nefnd í þessu skjali eru sýnidæmi

Dæmi 1:

- Í vörulínu 1 er tollskrárnúmer 21050099.
- Nettóþyngd vörulínunnar er 8 kíló.
- Innflytjandi tilgreinir magntölu-kóðann *MSA* og kóðann 4 fyrir megin söluumbúðir, þ.e. plast.
- Þessa færslu sjáum við í línu nr. 5471 í Excel útgáfunni af viðmiðunartöflunni (athugið að þetta er sýnishorn af töflunni): [Sölu- og flutningsumbúðir - vidmidunartafla bradabirgda 20230125.xlsx](#)
- BY gjaldið verður:  $8 \text{ (nettóþyngd)} * 13,5582 \text{ (taxti skv. dálknum } BY\_gjalt\_taxti \text{ í viðmiðunartöflu)} = 108 \text{ krónur.}$

Dæmi 2:

- Í vörulínu 1 er tollskrárnúmer 21050099.
- Innflytjandi tilgreinir magntölu-kóðann *MSR* og kóðann 4 fyrir megin söluumbúðir, þ.e. plast.
- Innflytjandi tilgreinir söluumbúðir plasts með því að nota kóðann *SO4* (dálkurinn *Plast\_solu*) og tilgreinir þyngd plastumbúðanna sem 0,7 kíló.
- Innflytjandi tilgreinir flutningsumbúðir plasts með því að nota kóðann *FO4* (dálkurinn *Plast\_flutnings*) og tilgreinir þyngd plastumbúðanna sem 0,4 kíló
- Innflytjandi tilgreinir flutningsumbúðir pappa með því að nota kóðann *FO3* (dálkurinn *Pappi\_flutnings*) og tilgreinir þyngd pappaumbúðanna sem 0,2 kíló.
- Innflytjandi tilgreinir þyngd vörubretta úr viði með því að nota kóðann *FO8* (dálkurinn *Vidurvörubretti\_flutnings*) og tilgreinir þyngdina sem 0,3 kíló.
- BY gjaldið verður:  $0,7 \text{ (þyngd söluumbúða úr plasti)} * 82 \text{ (taxti skv. töflu hér að ofan)} + 0,4 \text{ (þyngd flutningsumbúða úr plasti)} * 82 \text{ (taxti skv. töflu hér að ofan)} + 0,2 \text{ (þyngd flutningsumbúða úr pappa)} * 42 \text{ (taxti skv. töflu hér að ofan)} + 0,3 \text{ (þyngd vörubretta úr viði)} * 10 \text{ (taxti skv. töflu hér að ofan)} = 102 \text{ krónur.}$

### EDI-skeyti - sýnishorn

Athuga vel: sýnishornin byggja ekki á sömu gögnum og útreikningurinn á BY gjaldi í liðnum hér á undan. Því eru kóðar og þyngd mismunandi.

Sýnishorn af EDI-skeyti má sjá í skjalinu [EDET19092DKAARGK25- vid.mid.tafla í línu 1 - uppg. þyngd í línu 2 - sýnishorn til hugb.húsa.](#)

Í línu 1 er beiðni um að nota viðmiðunartöflu en í línu 2 er þyngd umbúða tilgreind.

### Sýnishorn af upplýsingum í Tollakerfinu og Tollalínunni

Upplýsingar úr EDI-skeytinu birtast svona í reit 47:

### Lína 1:

#### 47. Tegund og gjaldstofn (fjöldi 5)

MSA	5
NET	590
STK	400
PRO	15
LIT	380

### Lína 2:

#### 47. Tegund og gjaldstofn (fjöldi 6)

MSR	5
STK	410
PRO	15
LIT	390
F03	3
F08	0,45

Upplýsingar um BY gjaldið birtast svona:

1	2203.0091	292.802	A	0,00 kr.	0 K	
			BY	0,00 kr.	250 U	
			GB	22,82 kr.	9 128 K	
			VX	132,00 kr.	639 540 Q	
			OS	11,00 %	103 590 K	
						= 752.517
2	2203.0091	204.961	A	0,00 kr.	0 K	
			BY	0,00 kr.	131 U	
			GB	22,82 kr.	9 356 K	
			VX	132,00 kr.	656 370 Q	
			OS	11,00 %	95 790 K	
						= 761.647
	Samtals	497.763				1.514.164

### Sameina vörulínur í EDI-skeyti

#### Ef MSA magntölukódi er notaður

Sameina má vörulínur, svo fremi að upplýsingar um umbúðir (MSA og kódi fyrir megin söluumbúðir) í reit 47 séu eins. Jafnframt þurfa önnur númerandi skilyrði fyrir sameiningu að vera uppfyllt.

#### Ef MSR magntölukódi er notaður

Sameina má vörulínur, svo fremi að upplýsingar um umbúðir (MSR og kódi fyrir megin söluumbúðir) í reit 47 og magntölukóðar vegna umbúða í reit 47 séu eins. Jafnframt þurfa önnur númerandi skilyrði fyrir sameiningu að vera uppfyllt.

Sjá einnig upprunalega tilkynningu síðan 2022 : [Sölu- og flutningsumbúðir - breytingar á SAD innflutningsskýrslu, sem taka gildi 1. mars 2023 | Tilkynningar til hugbúnaðarhúsa | Skatturinn - skattar og gjöld](#)